



Reykjavík 23. júní 2022

## Niðurstaða athugunar á útreikningi váttryggingaskuldar og starfssviði tryggingastærðfræðings Váttryggingafélags Íslands hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá Váttryggingafélagi Íslands hf. (félagið) í nóvember 2021.

Markmið athugunarinnar var að fara yfir forsendur, aðferðir og ferli við útreikning váttryggingaskuldar og hvernig framkvæmd verkefna starfssviðs tryggingastærðfræðings væri háttað hjá félaginu. Í þessu sambandi var litið til krafna skv. ákvæðum laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (vtsl.) og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35 (reglugerðin). Má þar einkum nefna kröfur sem varða útreikning váttryggingaskuldar, mat á gæðum gagna sem notuð eru við útreikninginn, val á forsendum og aðferðum við útreikning, skjölun ferla og sannreyningu niðurstaðna, auk miðlun niðurstaðna til framkvæmdastjórnar og stjórnar.

Athuginin fór fram með yfirferð gagna og viðtölum við þá aðila sem starfa að, undirbúa eða fá upplýsingar um verkefni starfssviðs tryggingastærðfræðings. Má þar nefna tryggingastærðfræðing, en jafnframt var fundað með forstjóra og stjórnarformanni, auk aðilum af tjónasviði. Samhliða var gerð athugun hjá dótturfélaginu Líftryggingarfélagi Íslands hf.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í apríl 2022. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við félagið:

- Að verklagi vegna útreiknings á iðgjaldaskuld er ábótavant þar sem hann er ekki á grundvelli besta mats í samræmi við 76. gr. vtsl.
- Að mat á váttryggingaskuld sé ekki skjalað og sannreynt með fullnægjandi hætti í samræmi við 39. gr. vtsl. og 265. gr. reglugerðarinnar.
- Að skýrsla tryggingastærðfræðings sé ófullnægjandi þar sem hún innheldur ekki tæmandi umfjöllun um verkefni tryggingastærðfræðings og er ekki gerð með reglulegri tíðni, sbr. kröfur 1. mgr. 48. gr. vtsl. og 8. mgr. 272. gr. reglugerðarinnar.
- Við beitingu hlutfallsreglu við mat á váttryggingaskuld fer áskilið mat ekki fram með formlegum hætti í samræmi við 87. gr. vtsl. og 56. gr. reglugerðarinnar.
- Við skoðun á reglulegum gagnaskilum komu í ljós að þau uppfylltu ekki 2. mgr. 31. gr. vtsl. þar sem í þeim reyndust veigamiklar villur. Þá uppfyllti

umfjöllun í reglulegri eftirlitsskýrslu til fjármálaeftirlitsins og skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, sem birt er opinberlega til upplýsinga fyrir váttryggingataka og hagsmunaaðila, ekki kröfur skv. XII. og XIII. kafla reglugerðarinnar.